

Sp.

22. Tillaga til þingsályktunar

[22. mál]

um framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði.

Flm.: Ragnar Arnalds, Gils Guðmundsson, Alfreð Gíslason, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að gefnu tilefni að lýsa yfir því, að óheimilt er að gera nokkra samninga við Atlantshafsbandalagið um framkvæmdir í Hvalfirði, nema samþykki Alþingis komi til.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur herstjórn Bandaríkjamanna lengi haft áhuga á að reisa flota- og kafbátastöð í Hvalfirði. Nýlega hefur verið upplýst, að fyrir áratug fór Bandaríkjastjórn fram á það við íslenzku ríkisstjórnina að fá að grafa mikil kafbátabyrgi inn í Þyril, en þessari beiðni var þá hafnað. Í annað sinn árið 1957 komu fram óskir frá Bandaríkjastjórn um leyfi til að hefja framkvæmdir í Hvalfirði. Var þá ekki gert ráð fyrir kafbátabyrgjum, en áformað að reisa nýja oliustöð ásamt sökklum á hafsbotni og legufærum, sem hægt væri að nota fyrir herskip og kafbáta. Jafnframt var farið fram á lóranstöð á Snæfellsnesi og aðstöðu á Akranesi til fjarskiptaþjónustu. Ekkert varð af samningum í það sinn.

Atlantshafsbandalagið hefur á seinustu árum lagt vaxandi áherzlu á notkun svonefndra Polariskafbáta, sem skotið geta kjarnorkuhlöðnum eldflaugum. Að undanförmu hefur aðalbækistöð slíkra kafbáta á Norður-Atlantshafi verið í Clydefirði í Skotlandi, en líklegt er talið, að Atlantshafsbandalagið vilji flytja þessa bækistöð úr skozku milljónabyggðinni á öruggari og hentugri stað. Frá landfræðilegu og hernaðarlegu sjónarmiði munu aðstæður vera heppilegar í Hvalfirði; fjörðurinn er þröngur og djúpur, girtur háum fjöllum, en byggð er óveruleg, og fjarlægðin frá herstöð Bandaríkjamanna á Miðnesheiði er tiltölulega lítil.

Árið 1959 lét ríkisstjórnin í fyrsta sinn undan kröfum Bandaríkjamanna um Hvalfjörð, og það ár var Atlantshafsbandalaginu heimilað að reisa lóranstöð á Snæfellsnesi. Með þessari ákvörðun var stigið fyrsta sporið að því marki að koma upp flotastöð í Hvalfirði, enda er lóranstöðin, sem verða mun hæsta mannvirki í Evrópu, reist í þeim yfirlýsta tilgangi að auðvelda kafbátum miðanir.

Í fullu samræmi við þessi áform ákvað herstjórn Bandaríkjamanna árið 1960 að gera Keflavíkurlugvöll að stjórnarmiðstöð fyrir kafbátaflotann á norðanverðu Atlantshafi, og flotinn tók við yfirstjórn bandaríska herliðsins á Íslandi af landhernum. Rúmu ári síðar fengu Bandaríkjamenn leyfi íslenzku ríkisstjórnarinnar til að mæla upp og kortleggja botn Faxaflóa. Þessu verki er nú lokið, og munu Bandaríkjamenn óvíða eiga jafnákvæm kort um kafbátaleiðir í landhelgi annarra þjóða.

Fram að þessu hefur ríkisstjórnin ekki haft neitt samráð við Alþingi um ákvarðanir sínar í þessum málum, og hvað eftir annað hefur því verið neitað opinberlega, að nokkur áform séu um hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði. Á sama tíma hefur þó margsinnis fengizt viðurkenning á þessum áformum, og má til viðbótar nefna, að í skýrslu Holtermanns hershöfðingja, sem lögð var fyrir Alþingi 1961 með frumvarpi um almannavarnir, var rætt um flotahöfn í Hvalfirði og svæðið umhverfis fjörðinn talið sérstakt hættusvæði á styrjaldartímum. Og í skýrslu dr. Ágúst Valfells til ríkisstjórnarinnar um áhrif kjarnorkuárásar á landið var Hvalfjörður tilnefndur sem sérstakt hættusvæði í framtíðinni.

Nú hefur það gerzt, að utanríkisráðherra hefur boðað nýjar og stórfelldar framkvæmdir á vegum Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði. Í viðtölum, sem fulltrúar Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins áttu við utanríkisráðherra í ágústmánuði, kom það fram, að áformað er að reisa 25—28 oliugeyma í Hvalfirði, byggja þar hafskipabryggju og koma fyrir múrningum á hafsbotni á fjórum til fimm stöðum, og verða þessar múrningar tengdar legufærum í landi. Utanríkisráðherra við-

urkenndi, að þessum útbúnaði yrði þannig háttað, að hvers konar herskip gætu athafnað sig þar og haft þar öruggt aðsetur, jafnvel kjarnorkukafbátar. Í viðtalinu sagði ráðherrann, að samningur þessi hefði sjálfstætt gildi og gæti staðið áfram, enda þótt herstöðvasamningurinn félli niður. Jafnframt lýsti ráðherrann yfir því, að samningurinn við Atlantshafsbandalagið yrði ekki lagður fyrir Alþingi.

Við, þingmenn Alþýðubandalagsins, teljum það furðulegt athæfi af ríkisstjórninni að leyfa stórfelldar hernaðarframkvæmdir í landinu á sama tíma og mjög hefur dregið úr stórveldaátökum og friðvænlegar horfir í heiminum. Við teljum, að áformin um flota- og kaþbátastöð í Hvalfirði muni óhjákvæmilega kalla yfir landið gifurlega tortímingarhættu á stríðstímum. Jafnframt minnum við á, að samkvæmt stjórnarskránni hefur ríkisstjórnin enga heimild til að gera slíkan samning við Atlantshafsbandalagið, nema samþykki Alþingis komi til. Í 21. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

„Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til.“